


Leiðbeiningablað um gerð og staðsetningu ofanjarðartanka fyrir eldfima vökva í flokki III.1 (diselolíu)

Með breytingum á gjaldtöku á díselolíu hefur allmikið verið um það að aðilar hafa sett upp hjá sér neyslutanka til að geyma í litaða olíu. Mikilvægt er að notaðir séu tankar sem sérstaklega eru gerðir fyrir olíu og að allur búnaður á þeim uppfylli viðeigandi staðla. Í gildi hafa verið reglur sem heimila ofanjarðartanka allt að 4.000 ltr á bensínstöðvum en engar reglur hafa verið til um brunavarnir vegna tanka utan þeirra t.d. hjá verktökum og bændum, fyrir húshitunarolíu og fl.

Eftirfarandi leiðbeiningablað er ætlað fyrir byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra til að samræma afgreiðslu erinda til bygginganefnda um gerð og staðsetningu tankanna. Minnt skal á að olútankar þurfa einnig að fá leyfi frá heilbrigðisnefndum / Umhverfisstofnun.



Mynd af 1800 ltr. tanki frá Borgarplasti.

Leyfi fyrir tönkum.

Sækja skal um leyfi til bygginganefndar og slökkviliðsstjóra/heilbrigðisnefndar fyrir staðsetningu sérhvers tanks áður en honum er komið fyrir. Hámarksstærð tanks er (4000) ltr. Eingöngu má nota tankana undir olíur í flokki III.1 með blossamark yfir 55°C

Gerð tanka.

Tankarnir eru ýmist gerðir úr stáli eða plasti og þá einkum polyethylen HDPE. Tankar skulu hannaðir og byggðir í samræmi við leiðbeiningar sem Brunamálastofnun samþykkir og gildandi staðla. Tankar úr plasti ásamt búnaði á þeim skulu vera vottaðir af Brunamálastofnun (líkl. einnig umhverfisstofnun og jafnvel iðntæknistofnun). Öll op og tengingar inn á tankinn (þar með taldar dælur) skulu gerð ofan við hæsta vökvayfirborð þannig að ekki geti orðið um sjálfrennsli úr tanknum að ræða..

Leiðbeiningar um notkun tanksins, staðsetningu, framleiðsluár og annað sem máli skiptir skulu vera áritaðar á áberandi hátt á hvern tank, á íslensku.

Staðsetning tanka.

Tankana má eingöngu staðsetja utandyra og skulu þeir vera varðir fyrir ákeyrslu. Tankana skal setja á fast undirlag. Þegar tankarnir eru við hús skal planinu halla frá húsinu.

Tankana skal staðsetja þannig að ekki sé hætt á að eldur geti borist í þá frá húsi eða frá þeim í hús. Aldrei skal vera minni fjarlægð en 2,5 m frá húsi nema veggurinn sé með brunamótstöðu minnst EI60, án glugga og annarra opa. Klæðningar á útvegg í flokki 1.

Tankana skal skorða þannig að ekki sé hætt á að þeir fjúki.

Fjarlægð frá lóðarmörkum skal vera minnst 3.0 m

Tilvísanir.

Reglugerð nr. 188/1990 um eldfima vökva.

Reglur um brunavarnir á bensínstöðvun. Október 1993. Brunamálastofnun

Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

[EN 13341 :2005](#) Hitadeigir fastir tankar til ofanjarðargeymslu á húshitunarlíu, steinolíu og dísilolíu - Tankar úr blástursmótuðu pólýetýleni, snúningsmótuðu pólýetýleni og pólýamíð 6 sem framleitt er með anjónískri fjölliðu - Kröfur og prófunaraðferðir.